

sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 376, 8. október 1992, um síldveiðar og reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007.

1. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:

Ráðherra getur þó heimilað framleiðanda sem flytur á milli lögbýla að flytja með sér jöfnunargreiðslur, enda sé flutningurinn í samræmi við markmið samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða er taka til umhverfisverndar, landkosta og landnýtingarsjónarmiða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um áréttað bann við innflutningi frá Rússlandi og Kasakstan vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Inflúensu í Rússlandi og Kasakstan, en Avian Inflúensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 30. september 2005 og gildir til 15. janúar 2006.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. október 2005 og gildir til 15. janúar 2006. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 476/2005 um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.